

Ragnildur Richter
Sigríður Stefánsdóttir
Steingrímur Þórðarson

Íslenska tvö

Kennslubók í íslensku
fyrir framhaldsskóla



Stjórnunhverfi eftir Harald Jónsson

RITUN

Í framhaldsskólanámi er nemendum gert að skrifa ritgerðir af ýmsu tagi. Í *Íslensku eitt* var fengist við bókmenntaritgerðir og því haldið fram að um þær giltu sömu lögmál og um aðra texta þar sem heimildir koma við sögu. Bókmenntaritgerðir eru undirbúningur undir fræðilega umfjöllun, bæði í framhaldsskólanámi og í öllu háskólanámi.

Það á einnig við um svokallaðar rannsóknaritgerðir en tilgangurinn með slíkum ritgerðum er sá að nemendur svari tiltekinni spurningu eða haldi fram staðhæfingu og rökstyðji svörin eða niðurstöðuna með því að styðjast við, og vísa í, það sem aðrir hafa sett fram um viðfangsefnið. Rannsóknaritgerð, sem einnig er nefnd heimildaritgerð, byggist á hugmyndum og skoðunum

Þess sem hana skrifar og að nokkru leyti á upplýsingum sem höfundur viðar að sér úr prentuðum ritum, af Netinu, með viðtölum eða á annan hátt. Í rannsóknarritgerðum er vísað til heimilda á skipulegan, viðurkenndan hátt og alltaf er markmið með notkun heimildanna.

Öllum ber saman um að notkun góðra heimilda auki gildi og trúverðugleika ritsmíða. Rökin fyrir því að vitna í heimildir og vísa nákvæmlega til heimilda í rannsóknarritgerðum eru einkum af tvennum toga. Annars vegar varpa tilvitnanir í hugmyndir eða verk annarra ljósi á hugmyndir þess er sjálfur/sjálf skrifar og skýra eigin rök hennar/hans og hins vegar eru þeir sem gengið er í smíðju til látnir njóta verka sinna. Sá sem nýtir sér texta annars manns í eigin ritsmíð og getur þess ekki gerist sekur um ritstuld. Þetta er sambærilegt við það að eigna sér hluta af tónverki annars manns og þiggja sjálfur umbun fyrir eins og ekkert sé.

Rannsóknarritgerð – viðfangsefni afmarkað

Á fyrstu stigum framhaldsskólanáms er algengt að nemendur eigi að skrifa rannsóknarritgerðir sem eru nálægt 4–5 tölvuunnum blaðsíðum að lengd, auk forsíðu og sérstakrar síðu þar sem heimildir eru tilgreindar.

Til að forðast að ritgerð verði ágripskennd og sundurlaus þarf að afmarka efnið vel. Oft er erfitt að átta sig á því í byrjun hvernig hægt er að afmarka tiltekið efni en þegar nemendur hafa kynnt sér efnið gróflega, t.d. með lestri yfirlitsgreinar eða ritdóms eða með því að rýna í efnisyfirlit og kaflafyrirsagnir bókar eða ritgerðar, kvikna oft hugmyndir um hvað gæti verið forvitnilegt að kynna sér nánar.

Eftir að ritgerðarefni hefur verið valið eða nemandi úthlutað efni er því fyrsta skrefið að glöggva sig á eins og unnt er hvaða þættir gætu mynd- að meginefni ritgerðarinnar. Það er sameiginleg reynsla flestra sem hafa skrifað rannsóknarritgerð að traust afmörkun efnis sé nauðsynleg og spari óhemjumikinn tíma og komi í veg fyrir tilgangslausa leit að heimildum sem ekkert gagn er að.

Dæmi um ritgerðarefni og hvernig hægt er að afmarka það

Efni sem kennari úthlutar: **Sköpunarsögur í norrænni goðafræði**. Gefnar eru upp eftirtaldar heimildir:

Edda Snorra Sturlusonar.

Goð og hetjur í heiðnum sið eftir Anders Bæksted. 1986. Eysteinn Þorvaldsson íslenskaði. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., Reykjavík.



Hugtök og heiti í norrænni goðafræði eftir Rudolf Simek. 1993. Heimir Pálsson ritstýrði, Ingunn Ásdísardóttir þýddi. Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.

Skipan efnisins og nafnaskrá í bókinni *Goð og hetjur* gera að verkum að hún er góð handbók fyrir þá sem vilja kynna sér tiltekna efnisþætti og á bls. 67 og áfram er að finna yfirlit um sköpun og heimsmynd norrænnar trúar.

Hugtök og heiti í norrænni goðafræði er uppflöttirit þar sem meðal annars er kafli um sköpun manna. Í bókinni er hægt að fletta upp á efnisatriðum í stafrófsröð.

Hvers konar skrár um ítarefni og heimildaskrár í lok bóka og greina eru oftast lykillinn að nánari upplýsingum um efnið og vænlegast er að skoða bækur, rit og Netheimildir, sem margir vísa til.

Rannsóknarspurning

Nemandi þarf ekki að lesa lengi til að sjá að nauðsynlegt er að afmarka efnið og setja fram rannsóknarspurningu. Annars yrði ritgerðin allt of yfirgripsmikil eða þá að hún yrði lítið annað en endursögn á *Snorra-Eddu*. Smátt og smátt kemst nemandinn að því að hana/hann langar að bera norrænan goðsagnaheim saman við aðrar goðsagnir um sköpun. Smátt og smátt þrengist viðfangsefnið og nemandinn setur fram hugsanlega rannsóknarspurningu eða fullyrðingu.

Viðfangsefnið þrengt smátt og smátt

- Eitthvað í norrænni sköpunarsögu borið saman við goðsögur frá öðrum menningarheimum til að skoða hvað er sameiginlegt og hvað sérstakt.
- Sköpun heims og manns. Samanburður á goðsögum um það efni frá ólíkum menningarheimum. Heiðni, kristni, grænlenskar sögur, ef til vill grísk goðafræði. Eitthvað frá indíánum?

Þegar nemandinn hefur ákveðið að bera norrænan goðsagnaheim saman við aðrar goðsagnir er tímabært að orða rannsóknarspurningu ritgerðarinnar.

Hugsanleg rannsóknarspurning

Sker norræn goðafræði sig á einhvern hátt úr hvað varðar sögur um sköpun jarðar og manns?

Ef svo er þá hvernig?

Útskýra það.

Túlka það.

Sé svo ekki, hvernig má þá túlka það?

Við nánari lestur kemur í ljós að ýmsar sköpunarsögur eru sambærilegar, aðrar ólíkari. Margar eiga þó einhverja sameiginlega þætti. Við nánari umhugsun finnst nemandanum rannsóknarspurningin sín ekki líkleg til að leiða til áhugaverðrar ritgerðar. Nemandinn heldur þess vegna áfram að leita sér heimilda og lesa sér til í kringum efnið. Þá verður henni/honum til hjálpar stutt grein um goðsagnir sem hún/hann las í þekktu alfræðiriti. Sú grein kemur nemandanum á sporið. Nú getur hún/hann afmarkað efni sitt nákvæmar og sett fram markvissa og áhugaverða rannsóknarspurningu.

Endurskoðuð rannsóknarspurning

Eftir lestur yfirlitsgreinar um goðsagnir í *Encyclopædia Britannica Online* þrengist rannsóknarspurningin:

Hvernig má sjá goðsögulegar hugmyndir um sköpun jarðar og manns, einkum norrænar og kristnar, birtast í sjálfsmynd nútíma Íslendinga? Takast norrænar og kristnar hugmyndir á? Hafa norrænar og kristnar hugmyndir náð að blandast saman?

Vinnutitill ritgerðarinnar hefur nú verið settur fram: **Goðsögur okkar um sköpun heims og manns.**



Verkefni

1. Afmarkaðu viðfangsefnið *Ljós og myrkur í upprunagoðsögnum*. Heimildir eru þær sömu og nefndar eru hér að framan en að auki *Bibían*.
2. Settu fram hugsanlega rannsóknarspurningu.
3. Leitaðu að öðrum áhugaverðum heimildum um efnið, prentuðum og á Netinu.
4. Settu fram endurskoðaða rannsóknarspurningu um efnið.
5. Búðu til lýsandi vinnutitil á ritgerðina.

Í köflunum úr *Snorra-Eddu* sést vel hvernig Snorri Sturluson aflar heimilda og vinnur úr þeim. Hann býr ekki til þessar frásagnir, þær er einnig að finna í kvæðum og öðrum frásögnum. Snorri notar því eddukvæði og dróttkvæði sem heimildir og lætur lýsingar þaðan styðja við sínar.

Þegar efni rannsóknarritgerðar hefur verið afmarkað og rannsóknarspurning orðuð er komið að því að temja sér vinnubrögð Snorra við að afla heimilda og nýta sér þær.



Öflun heimilda

Oft fá nemendur að velja sér ritgerðarefni sjálfir og verða jafnframt að finna sér heimildir sjálfir. Í slíkum tilvikum má gera ráð fyrir að nemandi hafi einhverja hugmynd um hvar sé hægt að bera niður við heimildaleit. Hann staldrar við bókasöfn, leitarvélur á Netinu og fróða menn til að leita upplýsinga um tiltekið efni. Nemendur ættu að kynna sér flokkunarkerfi skólubókasafnsins og annarra nærliggjandi safna því þótt bókaverðir séu jafnan miklar hjálparhellur nemenda í upplýsingaleit sparar það mikinn tíma að vera sjálfbjarga á bókasafni. Þegar nemendur hafa náð í eitthvert lykilorð um tiltekið efni er eðlilegt að kynna sér fyrst efnisyfirlit þess og heimildaskrá til að afmarka efnið og undirbúa frekari leit að heimildum.

Tækni við leit að heimildum á Netinu fleygir óðfluga fram. Leitarvélur verða sífellt öflugri og nákvæmari og nemendur treysta í auknum mæli á Netheimildir. Enn greina þó leitarvélarnar ekki á milli bitastæðra heimilda og lélegra og sannast sagna er ógnarlegt magn af rusli um fjölmörg efni á Netinu. Á heimasíðum margra framhaldsskóla má finna upplýsingar um viðurkenndar og gagnlegar slóðir. Gott er að þekkja Gegni, samskrá íslenskra bókasafna, sem geymir bókfræðilegar upplýsingar um fjölmörg rit og greinar um aðskiljanleg efni og hvar þau er að finna. Einnig er gott að þekkja helstu leitarvélur, innlendar og erlendar. Á heimasíðum sumra framhaldsskóla er einnig bent á slóðir sem tengjast bókmenntum, raunvísindum, sálfræði, landafræði og sögu, fjölmiðlum, gagnagrunnum, hagtölum og heilbrigðismálum svo fátt eitt sé nefnt. Við heimildaleit á Netinu er nauðsynlegt að kunna að afmarka leitina.

Traustast er að styðjast einkum við heimildir merktar tilteknum höfundum sem hægt er að sjá af ritaskrá að er virtur á tilteknu sviði eða heimildir sem merktar eru viðurkenndri stofnun, til dæmis háskóla eða annarri opinberri stofnun. Ekki er ástæða til að staldra lengi við heimildir af Netinu sem eru ómerktar. Eðlilegast er að kynna sér Netheimildir þar sem vísað er til annarra heimilda, svo sem útgefna bóka. Sé stuðst við heimasíður einstaklinga eða stofnana er eðlilegt að notast fremur við síður sem eru uppfærðar reglulega en aðrar. Vitaskuld fer það þó eftir eðli efnisins. Gagnlegt er að hefja leit um

fjölmörg efni á Vísindavef Háskóla Íslands, <http://www.visindavefur.hi.is/>, sem geymir svör við mörgum spurningum um margvísleg og ólík efni.

Stundum er hægt að nálgast knappar upplýsingar um tiltekið efni í alfræðibókum eða uppflöttiritum. Slíkt er afar gagnlegt þegar hafist er handa við ritgerðaskrif til að fá hugmyndir eða mynda sér skoðun. Þá eru ótaldir útvarps- eða sjónvarpsþættir, kvikmyndir eða dagblaðagreinar sem geta komið að notum.

Oft er gagnlegt að ræða við fróða menn um tiltekið efni, þeir þurfa ekki endilega að vera þekktir eða sprenglærðir til að geta veitt dýrmætar upplýsingar. Stundum búa til dæmis ömmur eða afar yfir lífsreynslu sem er miklu forvitnilegri og merkilegri en lærðar greinar spakvitringa. Athuga þer að vísað er til munnlegra heimilda á sérstakan hátt (sjá 3. kafla). Munnlegar upplýsingar eru í eðli sínu annars konar en prentaðar heimildir.

Nemandi sem á að skrifa ritgerð um sköpunarsögur í norrænni goðafræði byrjar á að skoða þær heimildir sem kennarinn tilgreindi. Eftir að hafa gluggað í þær heldur hún/hann áfram og finnur nýlega bók um goðsagnir í aldanna rás. Þaðan liggur leiðin á Netið. Þar reynist mjög mikið efni að finna um goðsagnir og sköpunarsögur. En nemandinn vill hafa pottþéttar heimildir svo hún/hann flettir upp í *Encyclopædia Britannica Online* og finnur þar mikinn fróðleik um efnið. Sá lestur leiðir til fullmótaðrar rannsóknarspurningar og smátt og smátt verður heimildaskrá ritgerðarinnar til. Mjög mikilvægt er að skrá allar heimildir nákvæmlega í fyrsta sinn sem þær eru lesnar. Það sparar mjög mikla vinnu við frágang ritgerðarinnar.



Ritun

1. Flettu upp í bókum um goðafræði eða farðu inn á slóðir um goðafræði á Netinu. Berðu saman guðina tvo, Óðin (enska *Wothan*) og Seif (enska *Zeus*). Bentu á það sem er líkt með þeim og það sem er ólíkt.
2. Skráðu heimildirnar hjá þér.

Drög að heimildaskrá ritgerðar um sköpunarsögur í norrænni goðafræði

- Armstrong, Karen. 2005. *Goðsagnir í aldanna rás*. Ingunn Ásdísardóttir þýddi. Bjartur, Reykjavík.
- Biblían. Heilög ritning*. 1981. Hið íslenska Biblíufélag, Reykjavík.
- Bæksted, Anders. 1986. *Goð og hetjur í heiðnum sið*. Eysteinn Þorvaldsson íslenskaði. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., Reykjavík.
- creation myth. *Encyclopædia Britannica Online*. Sótt 22. janúar 2006 af <<http://search.eb.com/eb/article-9109402>>
- myth. *Encyclopædia Britannica Online*. Sótt 22. janúar 2006 af <<http://search.eb.com/eb/article-23557>>
- Simek, Rudolf. 1993. *Hugtök og heiti í norræni goðafræði*. Heimir Pálsson ritstýrði, Ingunn Ásdísardóttir þýddi. Heimskringla. Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.
- Snorra-Edda*. 2003. Heimir Pálsson sá um útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík.
- Stefán Jónsson. 2005. *Aravísur í Guttavísur og fleiri kvæði*. Mál og menning, Reykjavík.
- Svört verða sólskin*. 1992. Ritstjórn Borberg, Kirsten o.fl. Mál og menning, Reykjavík.



Verkefni

- Finndu heimildir um tiltekið efni á Gegni (<http://www.gegnir.is>), til dæmis lífræna ræktun, tisku, mataræði Íslendinga eða leiki.
 - Afmarkaðu eitt af þessum efnum eins og þú gætir hugsað þér að skrifa ritgerð um það.
 - Finndu upplýsingar á Vísindavef HÍ og *Encyclopædia Britannica Online* um efnið.
- Sé leitarorðið 'ásatrú' sett í einhverja leitarvél á Netinu koma upp fjölmargar síður, afar misjafnar að gæðum. Þessar eru valdar af handahófi en eru um margt forvitnilegar. Kynntu þér efni þeirra og gerðu grein fyrir hvað þær innihalda.
 - vefbokasafn.is ->Trúarbrögð->Ásatrú->Guðirnir okkar gömlu.
 - <http://www.angelfire.com/on/Wodensharrow/asatro.html>
 - <http://home.hib.no/mediesenter/asgard/>

Skráning upplýsinga

Eftir að ritgerðarefni hefur verið valið og afmarkað og lykilheimilda aflað tekur undirbúningsvinna við. Sú vinna felst í því að skrá skipulega þær hugmyndir sem kvikna við lestur yfirlitsgreina, bókarkafla, ritgerða, heilla rita, í viðtölum við fólk eða með enn öðru móti. Nemendur nýta einkum tvær aðferðir við slíka skráningu. Sumum hentar að skrá hugmyndir sínar og annarra beint á tölvu en öðrum hentar betur að skrifa minnispunkta á blöð jafnóðum og lesið er eða sjálfstæðar hugmyndir kvikna. Hvara aðferðina sem nemendur kjósa er lykilatriði að skrá eigin hugmyndir og annarra skipulega. Þegar skráningu lýkur verður að vera auðvelt að sjá hvað eru manns eigin vangaveltur og hugmyndir og hvað er þegið frá öðrum og hvaðan það er fengið. Handhæg aðferð er að merkja tölvuskjöl eða skrifpappír sérstaklega með kaflafyrirsögn þar sem ætlunin er að efnið komi í ritgerðina og einnig með upplýsingum um hvaðan tiltekinn efnisþáttur er fenginn, það er nafn rits, höfund, útgáfuár ritsins, netslóð eða annað. Skráningarblöð, sem ekki innihalda upplýsingar sem fengnar eru frá öðrum, eru þá vitaskuld manns eigin hugmyndir.

Dæmi um skráningu hugmynda úr heimildum

Enn er um að ræða ritgerð um sköpunarsögur í norrænni goðafræði.

Svört verða sólskin, bls. 22–23

Samísk sögn um sköpun heimsins. Jómali slátrar fallegu litlu hreinkúnni sinni og býr heiminn til úr henni. Fórn sem minnir á hvernig Bors synir sköpuðu heiminn úr hræi Ymis. Hér er þó gert meira úr tilfinningum Jómala til kýrinnar sinnar. Eins og í *Snorra-Eddu* er sagt hvað verður að hverju.

Sameiginlegt sögunum:
Lifandi veru er fórnað til að smíða heiminn úr.
Tilgreint hvað verður að hverju.

Í umfjöllun um sköpun heimsins, hliðstætt við Snorra-Eddu.

Goðsagnir í aldanna rás, bls. 15

„Kjarni goðsagnarinnar er leiðsögn þar sem okkur er kennt hvað til þarf til að lifa betra og auðugra lífi.“

Í inngang um eðli og hlutverk goðsagna.

Hugtök og heiti í norrænni goðafræði, bls. 219 „Sköpun manna“

Hér eru hugmyndir Snorra-Eddu um sköpun mannsins tengdar við aðrar goðsagnir. Fram kemur að Eddurnar eru „einu heimildirnar sem eftir standa um germanskar hugmyndur um s.m.“

Í umfjöllun um sköpun mannsins

Guttavísur og fleiri kvæði, bls. 12

Spurningar Ara eru margar hverjar vanga-veltur um mannlega tilvist á jörðinni og þeim væri helst hægt að svara með tilvísun í menningarlegan arf goðsagnanna.

Fullorðna fólkinu finnst ekki auðvelt að svara spurningum Ara og gefst upp á því, það treystir Ara ekki í að þæla út frá goðsögnum.

Í inngang um mannlegt eðli og goðsagnir.

Ritun

1. Búðu til þitt eigið skráningarblað og endursegðu með þínum orðum í 15–20 línum meginhugmynd úr einhverri bók að eigin vali.
2. Rökstyddu hvaða titill á ritgerð er líklegastur til að vekja forvitni lesanda:
 - a. Ritgerð. Sköpunin.
 - b. Rannsóknarritgerð um sköpun jarðarinnar í norrænni trú.
 - c. „Burs synir bjöðum um ypptu“. Sköpunarsaga jarðarinnar í ásatrú.

Bygging ritgerðar

Löng hefð er fyrir því að skipa ritgerðum í þrjá hluta: inngang, meginmál og niðurlag. Hugsunin er sú að lesandi geti auðveldlega glöggvað sig á því við lestur inngangs hvað höfundur hyggst fyrir með skrifunum, meginmálið er svo aðalatriði hvernar ritgerðar og í niðurlagi er skilið þannig við lesandann að hann átti sig vel á því hvað var verið að fjalla um. Ekki er alltaf ástæða til að hafa inngang eða niðurlag viðamikla kafla. Slíkt er algengara í lengri ritgerðum en hér er miðað við. Í fjögurra til fimm síðna ritgerð nægir vel að afmarka hvern hluta með línubili eða greinaskilum. Lýsandi titill ritgerðar

vekur forvitni og gefur oft til kynna að nemandi hafi sökkt sér í efnið. Titill ritgerðar verður þó alltaf að vera í samhengi við efni ritgerðar og efnistöð því frumlegur titill, sem gripinn er úr lausu lofti, verður jafnan kjánalegur.

Við ritgerðaskrif er gott að hafa eftirfarandi atriði til hliðsjónar:

1. **Inngangur:** Í inngangi skal vera almenn kynning á viðfangsefninu. Vel fer á efnisyrdingu í lok inngangsins, fullyrðingu eða spurningu um efnið sem svo er rökstudd í meginmáli.
2. **Meginmál:** Hér er kafað í verkefnið. Ýtarlega er fjallað um þá þætti sem afmarkaðir hafa verið. Hér þarf mjög að gæta að því að halda sig við efn-ið og fjalla aðeins um það sem kynnt hefur verið í inngangi. Í meginmáli skal nýta textadæmi (tilvitnanir) máli sínu til stuðnings. Um er að ræða beinar eða óbeinar tilvitnanir í ritaðar heimildir, munnlegar eða Netheim-ildir. Tilvísanir til heimilda, beinna og óbeinna, skulu vera í texta ritgerð-arinnar.
3. **Niðurlag:** Hér er reynt að leiða niðurstöðu/r til lykta og hnýta saman þá enda sem hugsanlega kunna að vera lausir. Inngangur og niðurlag mynda eins konar ramma utan um ritgerðina og því á lesandi að geta lesið inn-ganginn og fengið vitneskju um hvað ritgerðin fjallar og með því að lesa niðurlagið á að vera hægt að sjá að hvaða niðurstöðu hefur verið kom-ist.



Verkefni

Í verkefni hér á undan afmarkaðir þú tiltekið efni, til dæmis líf-ræna ræktun, tísku, mataræði Íslendinga eða leiki. Settu upp nokkur atriði sem gætu verið í inngangi, meginmáli og niðurlagi í ritgerð um þetta tiltekna efni.

Efnisgrind

Efnisgrind er nákvæmt efnisyfirlit ritgerðar. Efnisgrindina er nauðsynlegt að semja áður en hafist er handa við uppkast sjálfrar ritgerðarinnar. Í efnisgrind er tilgreint hvaða efnisatriði ætlunin er að taka til umfjöllunar í ritgerðinni og í hvaða röð. Efnisgrindin hjálpar höfundi að hafa yfirsýn yfir efni sitt og stuðlar að sannfærandi uppbyggingu og markvissum efnistöðum í ritgerð-inni.

Efnisgrind ritgerðar um sköpunarsögur í norrænni goðafræði

Ritgerðin á að vera 4–5 síður að lengd.

Inngangur (u.þ.b. ½ bls.)

Maðurinn veltir vöngum yfir tilveru sinni – ekki dýrin (svo við vitum).

Kynna fyrirbærið goðsögn (Armstrong, Britannica).

Hvað er goðsögn?

Um hvað fjalla goðsagnir?

Til hvers nota menn goðsagnir?

Kynna viðfangsefni ritgerðarinnar:

Hugmyndir norrænnar goðafræði og kristnar hugmyndir um sköpun jarðar og manns. Hvernig móta þessar hugmyndir okkur?

Meginmál (3–4 bls.)

Hvernig verður jörðin til?

Úr einhverju ápreifanlegu (Snorra-Edda, samísk sögn, fleiri dæmi)

(Snorra-Edda, Simek, Bæksted, Svört verða sólskin (bls. 22-23))

Úr andlegum krafti (Biblían, fleiri dæmi) (Biblían, Britannica)

Hvernig verður maðurinn til?

Úr einhverju ápreifanlegu (Snorra-Edda, fleiri dæmi) (Snorra-Edda,

Simek, Bæksted, Britannica, Svört verða sólskin)

Úr andlegum krafti (Biblían, fleiri dæmi)

Og hvað með þetta allt? Hvað segir þetta okkur um okkur sjálf og upp-

runa okkar? Hvernig má rekja eðlisþætti nútíma Íslendingins til

þessara goðsagna? Dýrkun okkar á ápreifanlegum hlutum og dýrk-

un okkar á andanum.

Niðurlag (½–1 bls.)

Hvernig getum við haft þessar gömlu sögur til leiðsagnar í daglegu lífi

okkar í nútímanum?

**Verkefni**

Búðu til efnisgrind fyrir ritgerðarefnið: Hlutverk æðstu ása sam-
anborið við hlutverk æðstu ásynja í norrænni trú.